



Samkaup áforma að opna kjörbúð á Hellu

Samkaup hafa keypt verslun Kjarvals á Hellu og áforma að opna þar verslun undir merkjum Kjörbúðarinnar. „Það eru spennandi tímar framundan og það leggst vel í okkur að opna nýja Kjörbúð á Hellu. Við munum kappkosta við að bjóða íbúum á svæðinu upp á gott úrval, lágt verð og ferskar vörur. Kjörbúðin gerir viðskiptavinum kleift að kaupa daglega allar helstu nauðsynjavörur á samkeppnishæfu verði og verður

með öflug vikuveg tilboð.“ segir Ómar Valdimarsson, forstjóri Samkaupa. Kaupin eru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. „Við erum afskaplega ánægð með að niðurstaða sé loks að fást í þetta mál. Það eru miklir hagsmunir fölgirnir í því fyrir íbúa og ferðamenn að á Hellu sé starfrækt góð matvöruverslun sem býður upp á samkeppnishæf verð. Það er auk þess fagnaðarefni að hér eru að koma

inn öflugir aðilar með skýr áform um að sækja fram hér í okkar vaxandi samfélagi.“ segir Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra. Kjörbúðin á Hellu bætist þar með í hóp fimmtán annarra Kjörbúða sem reknar eru um allt land. „Rangárþing ytra og svæðið í kring er vaxandi markaður sem gefur okkur vonandi tækifæri til að auka enn frekar við þjónustuna eftir því sem líður á.“ segir Ómar.

Expert Kæling kaupir helmingshlut í Fossraf á Selfossi



Á myndinni eru Brynjar Már Bjarnason, Þórir Örn Ólafsson, Birkir Pálsson, Sigurður Frímunn Emilsson og Haraldur Sigurmundsson.

Expert Kæling ehf. hefur gengið frá kaupum á helmingi hlutfjárns í Fossraf ehf. Fossraf hefur um áratuga skeið sinnt þjónustu raflagnþjónustu við fyrirtæki, einstaklinga og stofnanir, einkum á Suðurlandi en félagið er með fasta starfsstöð á Selfossi. Markmið beggja aðila er að auka þjónustu- og þekkingarstig gagnvart viðskiptavinum, sér í lagi með því að nýta landsdekkandi þjónustunet Expert Kælingar, til að ná enn betri árangri í þeim efnum. „Það er tilhlökkun að fá Expert Kælingu inn sem hluthafa í Fossraf. Við lítum

samstarfið björtum augum og hlökkum til þess að geta veitt viðskiptavinum okkar enn betri þjónustu“, segja Birkir Pálsson og Haraldur Sigurmundsson, hluthafar í Fossraf. „Með kaupum á hlutfé í Fossraf mun Expert Kæling styrkja rafmagnshluta fyrirtækisins og við getum boðið viðskiptavinum enn breiðara þjónustu- og vöruframboð. Við erum spennt fyrir samstarfinu og hlökkum til að vinna með starfsfólki Fossraf, sem er hjartanlega velkomið í okkar góða hóp“, segir Þórir Örn Ólafsson, stjórnarformaður Expert Kælingar ehf.

Tækifæri framundan á Laugarvatni

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur auglýst tíu íbúðahúsalóðir og fimm verslunar- og þjónustulóðir lausar til úthlutunar á Laugarvatni. Þessar lóðir eru að koma til úthlutunar eftir endurskoðun á deiliskipulagi þéttbýlisins. Vöntun hefur verið á lóðum á Laugarvatni og ætti nýtilkomið framboð að svara þeirri eftirspurn. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur einnig samþykkt að hefja undirbúningsvinnu við hönnun og gatnagerð á einni íbúðargötu og iðnaðargötu á Laugarvatni, Traustatún og

Kotstún. „Það er mjög kærkomið að getað auglýst þessar lóðir lausar til úthlutunar en vöntun hefur verið á góðum lóðum á Laugarvatni. Árið 2017 fengum við allt land ríkisins innan þéttbýlisins á Laugarvatni eftir makaskipti á landi við ríkið. Makaskiptin breyta gríðarlega miklu fyrir sveitarfélagið uppá alla framþróun og uppbyggingu. Það segir sig sjálft að það var mjög þungt kerfi að ríkið ætti um 50 hektara innan þéttbýlisins. Þessar lóðir sem nú er verið að auglýsa eru mjög spennandi og



má nefna að verið er að auglýsa verslunar- og þjónustulóðir niður við vatn sem gefa ýmsa möguleika og tækifæri tengda ferðaþjónustu við heimamenn og gesti.“ sagði Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar í samtali við Dagskrána. -gpp

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR • PLAKÖT
VINNUTEIKNINGAR • RÚLLUSTANDAR



SÍMI 482 1944 | SELFOS@PRENTMETODDI.IS



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.



Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Aðalfundarboð

Aðalfundur Skógræktarfélags Selfoss verður
mánudaginn 19. apríl kl. 20:00 í austurrymi
Sólvallaskóla (gengið inn frá Engjavegi).

Á dagskrá verða:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kynning á nýrri aðkomu og mögulegri stækkun Hellisskógar

Birt með fyrirvara um rýmkun á
sóttvarnareglum fyrir 19. apríl.

Allir eru velkomnir.

Fimm skólar á Suðurlandi fá styrk úr sprotasjóði

Sprotasjóður mennta- og smeningarmálaráðuneytisins styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámsskrá viðkomandi skólastiga. Á dögnum var úthlutað úr sjóðnum og hljóta alls 42 verkefni styrki að þessu sinni. Heildarupphæð styrkjanna eru rúmlega 54 milljónir kr. Áherslusvið sjóðsins að þessu sinni eru á lærdómssamfélög skóla og drengi og lestur. Fimm skólar á Suðurlandi fengu úthlutun úr verkefninu.

„Umsóknir í Sprotasjóð bera vitni um nýsköpun, samvinnu og grósku sem einkennir íslenska skóla. Þar er gríðarlegur metnaður og vilji til góðra verka sem mikilvægt er að styðja við,“ segir Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra.



Barnaskólinn á Stokkseyri og Eyrarbakka, Eyrarbakkaútibú.

Þeir skólar sem hlutu úthlutun eru: Barnaskólinn á Stokkseyri og Eyrarbakka hlaut styrk að upphæð 1.100.000 fyrir verkefnið *BES lítur sér nær*. Kirkjubæjarskóli á Síðu hlaut styrk að upphæð 800.000 fyrir verkefnið *staðarvitund og geta til aðgerða* – leiðir til að skapa lærdómssamfélag í grunnskóla í brot-hættu byggð. Stekkjaskóli á

Selfossi hlaut styrk að upphæð 950.000 fyrir verkefnið *Að byggja upp lærdómssamfélag í nýjum grunnskóla*. Víkurskóli hlaut styrk að upphæð 1.200.000 fyrir verkefnið *Strandlínu-rannsókn nemenda í Víkurskóla*. Grunnskóli Vestmannaeyja hlaut styrk að upphæð 2.400.000 fyrir verkefnið *Kveikjum neistann*.
-gpp

Skrifstofur fyrir störf án staðsetningar

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hefur tekið saman og birt á heimasíðu sinni upplýsingar um þá skrifstofuaðstöðu sem í boði er í landshlutunum fyrir „störf án staðsetningar“. Sveitarfélög og opinberar stofnanir hafa sérstaklega verið hvött til að skrá vinnu- og skrifstofuaðstöðu á síðunni sem í boði er.

Markmið númer 3 í Sóknaráætlun Suðurlands er að opinberum störfum á Suðurlandi fjölgi um 15% fyrir árið 2025. Um er að ræða aðgerð til að vinna að því markmiði. Markmiðið fer einnig saman með gildandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 um störf án stað-

setningar. Þar sem unnið er að því að 10% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum á vegum ríkisins verði án staðsetningar árið 2024. Í byggðaáætlun er lagt til að slík störf verði unnin á starfsstöð (þ.e. í húsnæði þar sem fyrir er önnur starfsemi) og því er mikilvægt að fyrir liggja upplýsingar um húsnæði sem til greina kemur sem víðast á Suðurlandi.

Einnig heldur Bygðastofnun úti mælaborði fyrir allt landið þar sem hægt er að sjá aðstöðu sem í boði er. Mælaborðið er ætlað að vera lifandi upplýsingabanki fyrir þá aðila sem hugsa sér að sinna opinberu starfi án staðsetningar og forstöðumenn

ráðuneyta og stofnana. Aðstaða sem er skráð hjá SASS er uppfærð inn á mælaborð Bygðastofnunar. SASS vill með síðunni koma á framfæri upplýsingum um vinnu- og skrifstofuaðstöðu sem í boði er, fyrir alla þá sem hafa hug á að flytjast inn í landshlutann, með sín störf eða fyrir þá sem hafa hug á að sækja um þau opinberu störf sem auglýst eru og starfa við þau á Suðurlandi. Nánari upplýsingar veita eigendur eða umsýsluábyrgðarmenn húsnæðis á hverjum stað fyrir sig.

Slóðin inn á síðuna hjá SASS er <https://www.sass.is/storf-an-stadsetninga>.

Opið bréf til bæjaryfirvalda í Árborg - Í alvöru, hvað eigum við að gera við börnin?

Á dögnum var leikskóla-plássnum fyrir haustið 2021 úthlutað í Sveitarfélaginu Árborg. Það olli okkur gríðarlegum vonbrigðum að fréttu af þeirri ákvörðun að engum börnum yngri en 18 mánaða yrði úthlutað pláss, jafnvel þó að það væru laus pláss á einhverjum leikskólum sveitarfélagsins og þrjár deildir á nýja leikskólanum hafi enn ekki verið opnaðar.

Þau okkar sem ekki voru nægilega skipulögð með tíma-setningu á barneignum sitja því uppi með þá síru staðreynd að okkar börn komast sennilega ekki inn á leikskóla fyrir en haustið 2022, þá mörg hver orðin rúmlega tveggja ára.

Okkur þykir það skjóta skökku við að sveitarfélag sem réðst í heljarinnar kynningarátak á hversu frábært það væri fyrir barnafjölskyldur að búa á Selfossi, sjái sér ekki fært að veita börnum okkar skólavist fyrir en eftir tveggja ára

aldur. Það er staðreynd að margar barnafjölskyldur íhuga nú alvarlega brottflutning úr sveitarfélaginu vegna daggæslumála.

Vegna þessa ástands er þétt setið um öll laus pláss hjá dagforeldrum sem starfa í sveitarfélaginu og biðlistarnir lengjast og lengjast. Dagvistun hjá dagforeldrum er einnig mun stærri fjárhagslegur bitu fyrir foreldra heldur en leikskólavist og því ekki ákjósanlegur kostur til lengri tíma.

Fyrir mörg okkar er ljóst að við þurfum að hverfa af vinnu-markaði til þess að sinna börnum okkar í haust með tilheyrandi kostnaði eða tekjutapi fyrir sveitarfélagið, eftir því hvernig á málið er litið.

Það er nokkuð augljóst að málið snýst um forgangsstöðun fjárveitinga. Það ætti að vera frekar einfalt reikningsdæmi að fá það út að arðbærara er fyrir sveitarfélagið að gera foreldrum kleift að snúa aftur til vinnu

eftir fæðingarorlof heldur en að skilja okkur eftir tekjulaus í fleiri mánuði.

Sorglegast í þessu öllu saman er þó að börnin okkar fá ekki að njóta þess góða starfs sem unnið er á leikskólum Árborgar undir öruggri leiðsögn fagfólks. Þau fara þar af leiðandi á mis við tækifæri til að efla þroska og vera í félagslegum samskiptum við önnur börn á mikilvægum tíma á þeirra þroskaskeiði.

Fæðingarorlofinu er að ljúka og við ættum að vera að snúa aftur út á vinnuarkaðinn, þjóna samfélaginu sem við búum í og skapa sveitarfélaginu okkar skatttekjur en hvað eigum við að gera við börnin? Í alvöru!

Við skorum á fræðslunefnd og bæjaryfirvöld að endurskoða þessa ákvörðun, veita frekara fjármagni í leikskólamálin og fjölga leikskóla-plássum hið snarasta.

Fyrir hönd hóps foreldra í Árborg, Kristín Gestsdóttir.

TILBOÐ Á BOLUM

BJÓÐUM NÝJU SUMARBOLINA OKKAR Á
20% AFSLÆTTI MIÐVIKUDAG TIL MÁNUDAGS

TÍSKUVERSLUN.IS
KÓÐI: BOLUR20

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyraveggi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Vilja upplýsingaskilti við Barnaskólann á Eyrarbakka

Í hverfisráði Eyrarbakka var ítrekuð íbókun ráðsins að ráðast í gerð upplýsingaskilta fyrir Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri. Bókun hverfisráðsins var svohljóðandi: „Hverfisráð Eyrarbakka hvetur bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar að hlutast til um endurnýjun upplýsingaskiltis við Barnaskólann á Eyrarbakka um sögu skólahalds á Eyrarbakka, sem hefur staðið samfellt frá árinu 1852. Hverfisráðið leggur til að fenginn verði sérfróður aðili sem þekkir sögu skólahalds á Eyrarbakka til þess að yfirfara textann eða semja nýjan og það verði með þeim hætti að bæði ungir og gamlir eigi gott með að tileinka sér upplýsingarnar. Staðsetning verði valin með tilliti til þess að sem flestir eigi gott með að skoða skiltið. Hverfisráð leggur áherslu á að vinna við framangreint verkefni verði í góðu samráði við skólayfirvöld og skólaráð Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri.“

Barnaskólinn fagnar 170 ára afmæli á næsta ári

Í bókun sinni minnst hverfisráð á að 170 ára afmæli skólans verði á næsta ári. „Sigmar Ólafsson sagði í ræðu sinni m.a.: „Í ljósi þeirrar staðreyndar, að á Eyrarbakka hefur verið samfellt skólahald frá árinu 1852 og að senn verður haldið hátíðlegt 170 ára afmæli Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri á árinu 2022 væri viðeigandi að gera sögu skólahalds á Eyrarbakka hærra undir höfði en nú er.“ Bæjarráð tekur undir þessi orð og vísar málinu til Fjölskyldu-sviðs Árborgar þar sem því er falið að huga að undirbúningi við afmæli skólans sem verður á næsta ári. Þá er úrvinnsla á skiltamálum vísað á frístunda- og menningarnefnd, en bæjarráð hvetur til að málið verði unnið í góðu samstarfi við skólaráð og skólayfirvöld hjá BES. -gpp



Ný heimssýn á nýjum tímum Arðsemi hamingjunnar á landsbyggðinni

Laugardaginn 17. apríl 2021
kl. 13.00-17.00

Tækifærin á landsbyggðinni eru óteljandi. Störf án staðsetningar þurfa einungis tvennt: nettengingu og samgöngur. Covid hefur sannað að fólk getur sett lífsgæðin í forgang, flutt starfið með sér á sinn drauma búsetustað eða skapað tækifæri hvar sem er á landinu. Íbúum stórborga í Evrópu hefur fækkað undanfarið ár og smærri borgir og bæir hafa endurheimt sinn fyrri sjarma. Um ræðir gífurlega mikilvægt byggðamál og tækifæri til að halda landinu í byggð. Til að vel takist til er nauðsynlegt að styrkja samfélög á landsbyggðinni og bjóða upp á öflugan grunnþjónustu fyrir íbúa.



Sigurður Ingi Jóhannsson
Samgöngu-
og sveitarstjórnarráðherra
Opnunarávarp:
Vinna, búseta, hamingja.



Auður I Ottesen
Sumarhúsið og garðurinn
Tekist á við breytan
veruleika.



Ingibjörg Valdimarsdóttir
Ritari.is
Úthýsing starfa - tækifæri
og áskoranir.



Arnheiður Jóhannsdóttir
Markaðsstofa Norðurlands
Störf án staðsetningar,
tækifæri eða ógnun?



Ingunn Jónsdóttir
Háskólafélag Suðurlands
Menntun og fræðsla á
landsbyggðinni - sunnlenska
módelið.



Hildur Þóra Magnúsdóttir
Pure Natura
Reykjavík - Árósar -
Hegranes - vegferð
frumkvöðuls, hindranir
og árangur.



Laufey Sif Lárusdóttir
Ölverk
Skapandi og lifandi markaðs-
setning.



Hrefna Sigmarsdóttir
Húsafell
Perla milli hrauns og jökla,
uppbygging á Húsafelli
síðastliðin 20 ár.



Sesselja Barðdal
Eimur
Tækifæri landsbyggðarinnar
út frá sjálfbærni og
nýsköpun.



Sigrún Davíðsdóttir
Talar frá London
Nándin í fjarlægðinni.



Margrét Jónsdóttir Njarðvík
Rektor Háskólans á Bifröst
Hvað svo?



Laufey Guðmundsdóttir
Markaðsstofa Suðurlands
Ráðstefnustjóri

<https://us02web.zoom.us/j/88632370098>



Eflum byggð og atvinnulíf í sameiningu með fjarvinnu

Heimsfaraldurinn sem geislað hefur í rúmt ár hefur umbylt heimsmynd okkar og flýtt fyrir ýmskonar þróun sem þegar var komin af stað að hluta. Fjarvinna, „störf án staðsetningar“ á fínu opinberu máli, hefur aukist mjög á síðasta rúma árinu, þökk sé Covid-19. Alls staðar að berast fréttir af breyttum veruleika á vinnumarkaði og áhrif þess á atvinnulífið hér á landi sem og erlendis. Almennt virðast fyrirtæki á markaði sjá tækifærin og unnið með þau en opinberir aðilar setið með hendur í skauti sér – ennþá.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og núgildandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 er að finna málefni sem nefnist „störf án staðsetningar“. Í stjórnarsáttmálanum er ekki minnst á hve mikið af störfum eigi að auglýsa sem „störf án staðsetningar“ heldur verði ráðuneytum og stofnunum falið að skilgreina störfin sjálf og auglýsa þau án staðsetningar eins og kostur er. Markmið byggðaáætlunar er hinsvegar skýrara, en þar er markmiðið að „10% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og

stofnunum þeirra verði án staðsetningar árið 2024 þannig að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki og að slík störf verði unnin á starfsstöð þar sem fyrir er önnur starfsemi.“

Fjarvinna eykur lífsgæði

Það hefur komið fram í könnunum hér á landi að fólk vill nú í kjölfar Covid-19 áhrifanna fá að halda áfram með sveigjanlegan vinnutíma og þá vinna heima tvo til þrjú daga í viku. Með sveigjanlegum vinnutíma og vinnustöðvum eykst einnig val fólks um búsetu og gefur fólki sem dæmi, tækifæri á að velja hvort fjárfest sé í lítilli blokkaríbúð í vesturbæ Reykjavíkur eða einbýli á Selfossi.

Í könnun sem kostuð var af Vegagerðinni árið 2018 kom fram að um 20-30% háskólamenntaðra Selfyssinga starfi á höfuðborgarsvæðinu á degi hverjum. Fólk sem gæti sem best unnið hér heima að minnsta kosti tvo til þrjú daga í viku og sparað sér ferðirnar yfir Hellisheiðina. Með því að bjóða þessu fólki upp á starfstöðvar hér á Selfossi mun gæðastundum þeirra með fjölskyldum sín-

Tómas Ellert
Tómasson

bæjarfulltrúi
Miðflokksins í
Svf. Árborg



um fjölga og fólkið gæti tekið virkari þátt í samfélaginu okkar.

Tökum höndum saman

Nú eru að verða liðin fjögur ár síðan stjórnarsáttmálinn var undirritaður og byggðaáætlun lögð fram og ennþá hefur lítið gerst í þessu brýna hagsmunamáli fyrir Suðurland.

Af þeim sökum, hvet ég nú til þess að ríkið og Sv. Árborg, bretti upp ermar og taki höndum saman við einkaaðila um að setja hér upp starfstöðvar fyrir þá starfsmenn fyrirtækja, stofnana og ráðuneyta, sem hér búa og þá sem hingað vilja flytjast til að öðlast betri lífsgæði en því stendur til boða á höfuðborgarsvæðinu. Með því værum við í sameiningu að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs í héraði.



Sunnlenski
matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er
Páll Jónsson.

Matreiðsluleiðbeiningar

Vil þakka Jórinni stjúpmóðir minni kærlega fyrir þessa áskorun. Á dauða mínum átti ég meiri von.

Í dag ætla ég að henda í eina rauðrófusúpu eða (borscht) eitthvað sem kom frá Úkraínu og er mikið borðað í Rússlandi, Litháen og Lettlandi.

Borscht - Rauðrófusúpa
Innihaldsefni fyrir fjóra

Kjöt (svínakjöt) 500 g
Rauðrófur 300 g
Laukur 1 stykki
Hvítkál 200 g
Tómatmauk (líma) 2 msk.
Gulrætur 1 stykki
Sykur 1 msk.
Edik 1 msk.
Salt eftir smekk

1. Sjóðið kjötsoðið (skerid kjötið í bita) eldið í 20 mínútur

2. Rífið rófurarnar. Bætið við vatni og látið malla við meðalhita í 20 mínútur.

3. Bætið við söxuðu hvítkáli eftir 15-20 mínútur, setjið hvítkálið í svínakjöti potur.

4. Bætið ediki við rauðrófurarnar og bætið í pott með hvítkáli og kjöti.

5. Skerid kartöflurnar, setjið þær í pott.

6. Í pönnu, sjóðið gulræturnar aðskildar og skerid laukinn í ræmur, bætið tómatmauki, smá soði og sykri út í. Svo setjum við allt í pott.

7. Setjið pipar, lárviðarlauf, salt og eldið þar til kartöflurnar eru fulleddaðar. Þegar þú berð súpuna fram skaltu setja sýrðan rjóma í borscht-inn.

Ég ætla að skora á Svövu í Álftharhóli sem er búin að vera eins og móðir við mig frá því að ég fæddist og ekki lítið sem hún er búin að vera að elda ofan í mig frá upphafi og ég held að ég hafi aldrei farið svangur frá Álftharhóli seinustu 30 árin og skilst mér að það hafi enginn gert ennþá í dag.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Ályktun frá

Sambandi sunnlenskra kvenna

Stjórn Sambands sunnlenskra kvenna harmar þann niðurskurð sem gerður er af hálfu ríkisins varðandi fjárveitingar til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Jafnframt er mótmælt þeirri ákvörðun framkvæmdastjórnar HSU að segja upp „í hagræðingarskyni“ starfsmönnum er starfað hafa við ræstingu stofnunarinnar.

Greinargerð

Samband sunnlenskra kvenna samanstendur af 25 kvenfélögum með um 900 félagskonum í Árnes- og Rangárvallasýslu. Frá árinu 1952 hafa kvenfélögin stutt dyggilega við starfsemi sjúkráðsins á Selfossi og nú Heilbrigðisstofnunar Suðurlands með ýmsum gjöfum og framlögum til tækjakaupa. Nú hefur það gerst í „hagræðingar-

skyni“ að ráðist er á garðinn þar sem hann er lægstur; starfsmönnum við ræstingu er sagt upp. Það er nóturlegt á tímum þar sem atvinnuleysi eykst á Íslandi í kjölfar COVID-19 farsóttarinnar, að þessu starfsfólki sem staðið hefur í framlínu stofnunarinnar oft við erfiðar aðstæður í ljósi þessarar farsóttar, er sagt upp.

Margir af þessum starfsmönnum eða aðstandendur þeirra starfa innan kvenfélaganna. Þar leggja þeir oft fram sjálfboðna vinnu til að geta sinnt verkefnum er snúa að því að safna fjármunum sem síðan renna áfram til stuðnings við ýmis samfélagsleg málefni sem

og á landsvísi. Má þar meðal annars nefna stuðning við heilbrigðisstofnanir landsins.

Allir Sunnlendingar eru skjólstaðingar HSU og þurfa á þjónustu stofnunarinnar að halda.

Með því að segja upp þessu starfsfólki og færa störf þeirra með útboði til ræstingafyrirtækis sem hefur starfstöðvar í

Reykjavík, er verið að flytja bæði fjármagn og vinnuafli til höfuðborgarsvæðisins. Hvað segir það um kolefnisspor og umhverfisvernd?

Einkunnarorð kvenfélagastarfs á Suðurlandi eru:

Virðum veröld
Vöndum valið
Nýtum nærumhverfi



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.

Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegis á mánuðögum.

Upplag: 8700 eintök.

Dreifing: Ökoytis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858



Vísingátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókautgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Víðast hvar í vöggunni ég verð að dúsa.
Á ströndum landsins ávallt er ég.
Ofan í mold á vorin fer ég.

Svar við gátu í blaði 2592: **DANS.**
1. lína: Þjóðdans - 2. lína: Listdans
3. lína: Hrunadans



Betri lausnir fyrir þitt fyrirtæki

Það hefur aldrei verið auðveldara að koma í viðskipti til Íslandsbanka. Með nýrri fyrirtækjalausn á islandsbanki.is geta fyrirtæki á einfaldan og fljótlegan hátt sótt sér allar helstu þjónustur með nokkrum smellum.

- Stofnað reikninga
- Fyrirtækjaapp
- Pantað kreditkort
- Stofnað netbanka
- Innheimtuþjónusta
- Rafrænir reikningar

Góð þjónusta breytir öllu



Ég hef flutt mig um set og opnað Snyrtistofuna Vera að Austurmörk 4, Hveragerði (í sama rými og Hárverk hársnyrtistofa).

Nýir og gamlir viðskiptavinir hjartanlega velkomnir.

Tímabantanir í síma 691 0728 og á noona.is

Kristín Sigursteinsdóttir, snyrtifræðimeistari.



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19

Garðabær

harpa@harpautfor.is

harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Styrkur til félagasamtaka vegna greiðslu fasteignaskatts

Frestur til að sækja um styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum í Sveitarfélaginu Árborg sem nýttar eru fyrir starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, s.s. menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi eða vinnu að mannúðarstörfum, rennur út **30. apríl nk.**

Skilyrði er að viðkomandi fasteign sé skráð eign almenns félags eða að það sé handhafi þinglýsts húsaleigusamnings til a.m.k. eins árs og að fram komi í samningnum að félagið skuli greiða fasteignagjöld af hinu leigða húsnæði. Sótt er um styrkinn á „Mínar síður“ á vef sveitarfélagsins, arborg.is.

Sveitarfélagið Árborg,
Ingibjörg Garðarsdóttir,
fjármálastjóri

Eins og járn sækir að segli sankast að mér bækur

-segir lestrarhesturinn Sigurður Bogi Sævarsson

Sigurður Bogi Sævarsson er fæddur árið 1971. Hann er frá Selfossi og tengist staðnum enn sterkum böndum þótt hann hafi lengi búið í Reykjavík. Sigurður starfar sem blaðamaður á Morgunblaðinu auk þess að hafa skrifað bækur, tekið ljósmyndir og fleira slíkt.

Hvaða bækur ertu að lesa núna?

Sagnfræði, ferðasögur, þjóðlegan fróðleik, fréttatengd rit og ævisögur. Hér í kamesi mínu eru margar hillur með slíkum bókum, óteljandi hillufaðmar. Eins og járn sækir að segli sankast að mér bækur, margar um efni sem gefa mér tækifæri til að öðlast meiri og betri skilning á samtíma og sögu og setur fólk, fréttir og fyrirbæri í samhengi við annað áhugavert. Nefni hér þrennt nýlega lesið: *Konan sem elskaði fossinn* ævisaga Sigríðar í Brattholti eftir Eyrúnu Ingadóttur sagnfræðing er fullþroskað bókmenntaverk. Eins og í öllum góðum sögum er hetja í aðalhlutverki sem stendur í stríði við skilningslausa heimaalninga og vonda karla en fær aftur atfylgi frá góðu og fróðu fólki sem aftur tryggir sanngjarnan sigur í sögulok. Jafnframt segir í bókinni vel frá einsleitu og um margt þröngsýnu sveitasamfélagi á fyrri hluta 20. aldarinnar og lýsir veröld sem var. Bókin *World Heritage Sites* sem er gefin út í Bandaríkjunum og keypt á Amazon er frásögn um 1.031 stað á heimsmínjaskrá UNESCO, Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Ritnið er alls um 900 blaðsíður og skemmtilegur leiðangur um áhugaverða staði í veröldinni. Hef heimsótt nokkra þá staði sem segir frá í bókinni og langar að bæta fleirum við þegar ferðafrelsi fæst. Árbækur Ferðafélags Íslands: Umgangurinn sem er um 90 bækur. Nýjasta bókin er um Rauðasand, Látrabjarg og nærliggjandi slóðir: greinar um náttúru, mannlíf og sögu. Stórskemmtilegt aflestrar.

og Hreiðars Stefánssonar. Bækur þessa góða fólks eru fyndnar og fræðandi. Mannlegt samfélag og vitnisburður um að fólk er allskonar. Enn í dag finn ég hvernig punktar úr þessum bókum lita og jafnvel ráða afstöðu minni til ýmissa þátta. Góðir rithöfundar geta haft mikil áhrif á samfélag sitt. Ein af uppáhaldsbókum mínum síðan á barnaldri er *Örkin hans Nóa*, saga úr gamla testamentinu sem rímar að nokkru við kórónuveiruna og minnir um margt á syndaflóð.

Hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?
Eðlislega lífsforvitni mín ræður að mér er samt að skotra í laumi augum mínum á bókaskápa, þar sem ég kem. Hvað finna má í hillum segir jafnan talsvert um lífsviðhorf og áhugamál húsráðanda. Spjall kemst á flug ef maður veit örlítið um viðmælandann og þá geta bækur verið ágætt upplegg í samtali. Annars eru mínar venjur við lestur helstar að í sagnfræðiritum, ferðabókum og ævisögum gríp ég niður í einstaka kafla eða síður – vel það sem fangar athygli mína helst. Uppflettingar samkvæmt áhuga stundarinnar. Fagurbókmenntir, sem höfða síður til mín, les ég milli spjalda og í línulegri dagskrá – en þó stundum tilviljanakennd brot úr sögunum.

Hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Ég hef sjálfur skrifað nokkrar bækur meðal annars um sögulega viðburði og fréttatengd mál. Margt efni í þeim anda er tiltækt á harða disknum og bíður útgáfu í óljósri framtíð. Annars finnst mér minnstu skipta hvert form útgáfu er. Leiðir til þess að koma sögum sínum, viðhorfum, myndum og fleiru slíku á framfæri eru orðnar óteljandi. Bækur, blöð, ljósvaki og vefmiðlar. Hvert sem formið eða miðillinn þá er aðalatriðið að hafa eitthvað fram að færa og liggja mikið á hjarta. Vera með boðskap sem nær í gegn. Annars er betur heima setið en af stað farið.

Áttu þér einhverja uppáhaldshöfunda?

Einar Már Guðmundsson og bækur hans hafa alltaf höfðað sterkt til mín. Frásagnaleiðin, hómorinn og viðurkenning höfundarins á því að lífið má og á að vera fjölbreytt. Orðaleikir Þórarins Eldjárns eru yndislegir



Sigurður Bogi Sævarsson.

og ákafinn, áhuginn og viljinn til að hafa áhrif á samfélagið og þróun þess skín sömuleiðis í gegnum bækur Andra Snæs Magnasonar en alla þessa höfunda þekki ég bæði af bókum þeirra og góðum persónulegum samskiptum við þá.

Að lokum Sigurður hvernig myndir þú lýsa þér sem rithöfund?

Ég hef sjálfur skrifað nokkrar bækur meðal annars um sögulega viðburði og fréttatengd mál. Margt efni í þeim anda er tiltækt á harða disknum og bíður útgáfu í óljósri framtíð. Annars finnst mér minnstu skipta hvert form útgáfu er. Leiðir til þess að koma sögum sínum, viðhorfum, myndum og fleiru slíku á framfæri eru orðnar óteljandi. Bækur, blöð, ljósvaki og vefmiðlar. Hvert sem formið eða miðillinn þá er aðalatriðið að hafa eitthvað fram að færa og liggja mikið á hjarta. Vera með boðskap sem nær í gegn. Annars er betur heima setið en af stað farið.

Lestrarhesturinn er samstarfsverkefni Bókabæjanna austanfjalls og Dagskrárinna. Markmiðið er að búa til áhugavert lesevni fyrir almennung og vettvang um bóklestur og bókmenningu. Ritstjóri er Jón Özur Snorrason og þætti honum vænt um að fá tölvupóst frá þeim sem hafa áhuga á að vera lestrarhestar í gegnum netfangið jonozur@gmail.com.

Skáksveit Vallaskóla náði í bikar á Íslandsmóti



Vallaskóli á Selfossi sendi skáksveit til keppni á Íslandsmót barnaskólasveita sem fram fór í Reykjavík 27. mars sl. Í skáksveitinni voru: Guðbergur Davíð Ágústsson, Þórður Már Steinarsson, Sigurður Ingi Björnsson og Óskar Tumi Tómasson. Allir eru þeir í 7. bekk. Liðsstjóri var Björgvin Smári kennari við skólann. Sveitin fékk 2. verðlaun landsbyggðasveita á eftir Brekkuskóla frá Akureyri.

Sjálfbærni í leikskólastarfi

Á dögunum var haldið í Alvíðru, umhverfisfræðslu- setri í Ölfusi, námskeið fyrir leikskólakennara og annað starfsfólk leikskóla sem bar yfirskriftina Sjálfbærni í leikskólastarfi. Að námskeiðinu stóð Adventures For Students Iceland, nýstofnað fyrirtæki á Selfossi. Fyrirtækið sérhæfir sig í fræðslu um sjálfbærni með námskeiðahaldi fyrir bæði erlenda og innlenda skóláhópa og kennara á öllum skólastigum. Fyrirtækið hefur aðsetur á Selfossi og vinnur náið með Adventures For Students í Bretlandi.

Möguleikar til sjálfbærni í skólastarfi

Tilgangurinn með námskeiðinu var að fræða og aðstoða kennara við að innleiða hugmyndafræði sjálfbærni á leikskólastigi, yngsta skólastiginu. Leiðbeinendur voru Margarita Hamatsu, uppeldis- og menntunarfræðingur og deildarstjóri á grænfanaleikskólanum Álheimum á Selfossi og Hildur Dagbjört Arnardóttir, vistræktarkennari og umsjónaraðili félagslandbúnaðarins Gróanda á Ísafirði. Þátttakendur voru starfsfólk leikskóla á höfuðborgarsvæðinu, m.a. grænfanaleikskóla Sel-tjarnarnes, grænfanaleikskólans Urðahóls í Kópavogi og Hjallastefunnar. Á námskeiðinu var m.a. farið yfir hvað það þýðir



á vera vistvænn skóli og farið í djúpar umræður um hvað vist-rækt og sjálfbærni raunverulega sé, auk þess að skilgreina hvað þurfi til að innleiða sjálfbærni bæði í okkar daglega lífi og í skólastofunni. Meðal þess sem farið var yfir var það að nota endurnýtanleg hráefni í skólastarfinu, rækta grænmeti og plöntur í skólastofunni og að fræða og tengja nemendur við náttúruna.

Leiðbeinendurnir Margarita og Hildur fóru með þátttakendum í djúpa umræðu um sjálfbæran lífsstíl, auk þess sem þær héldu fyrirlestra um sjálfbærni í skólastofunni, um mottugerð og aðferðir við að rækta eigin mat-jurtir og grænmeti. Kennslan var einnig verkleg þar sem þátttakendur smíðuðu sinn eigin rækt-unarkassa sem unnið var með á námskeiðinu, auk þess sem

Margarita miðlaði af reynslu sinni af sjálfbærni í skólastarfinu á Leikskólanum Álheimum. Það er trú námskeiðshaldara að menntun sé besta verkfærið sem við höfum til að takast á við loftslagsbreytingar og önnur umhverfismál. Það er ástæðan fyrir því að ráðist var í það að halda námskeið fyrir kennara á yngsta skólastigi enda var markmiðið að gefa kennurum og öðru starfsfólki á yngsta skólastigi upplýsingar og verkfæri til að miðla hugmyndafræðinni um sjálfbæran lífsstíl og hollustu til nemenda. Námskeiðið tókst mjög vel og telja þau sem að námskeiðinu stóðu að mikil þörf sé á að fræða og aðstoða kennara við að kenna sjálfbærni á öllum skólastigum. Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðunni Adventures for Students Iceland.

Oddvitar funda með þingflokkum

Oddvitar sveitarstjórnanna fimm hafa átt fjárfundi með þingflokkum á Alþingi. Á fundunum hafa þau kynnt verkefnið Sveitarfélagið Suðurland og svarað spurningum þingmanna, en meginmarkmiðið var að kynna áherslur sveitarstjórnanna.

Tryggar samgöngur eru grunnur að því að vel takist til við mögulega sameiningu sveitarfélaganna fimm, og að íbúar sjái tækifæri í því að samþykka tillögu um að sameinast um landstærsta sveitarfélag landsins.

Oddvitarnir lögðu áherslu á að ástand héraðs- og tengivega stendur uppbyggingu fyrir þrífum og skerðir lífsgæði íbúa. Bundið slitlag, breiðari vegaxlir og aukið viðhald er brýnt umferðaröryggismál. Nemendur á leið í skóla aka daglega um vegina og vegirnir þjóna lykilhlutverki í ferðaðþjónustu. Stóraukið viðhald og markviss uppbygging vega eru meðal forgangsverkefna í stefnumótun svæðisins í samgöngumálum og var farið fram á að Sveitarfélagið Suðurland verði tilraunasveitarfélag í samstarfi við Vegagerð og samgönguráðuneytið við for-



gangsroðun og uppbyggingu héraðs- og tengivega. Lagt var til að tilraunaverkefnið fái til þess fjármagn sem samsvarar stóru samgönguverkefni, eða um 10 milljarða króna.

Auk þess var dregið fram að Þjóðvegur 1 er lífæð samfélagsins og einn helsti styrkleiki svæðisins, en ástand hans er líka einn helsti veikleikinn. Öryggismál eru í forgangi og brýnt að útrýma einbreiðum brúm og breikka veginn á þekktum slysaöflum. Breikkun þjóðvegans og nýr lág-lendisvegur með jarðgöngum í gegnum Reynisfjall er brýnt hagsmunamál fyrir landsmenn alla og íbúa og atvinnulíf á svæðinu.

RÆST
INGAR

SÉR
PRIF

SÉRSNIÐNAR
LAUSNIR

FASTEIGNA
UMSJÓN

VINNUSTAÐA
LAUSNIR

Við léttum þér lífið á Suðurlandi

Hjá Dögum á Selfossi færð þú fjölbreytta þjónustu og getum við sniðið hana að þínum þörfum og óskum. Hafðu samband við þjónusturáðgjafa Daga og saman finnum við réttu lausnina, allt frá einstökum þjónustubáttum yfir í heildarumsjón fasteignar.

Vikurheiði 11a, 801 Selfossi | Sími 580 0600 | dagar@dagar.is

dagar

ÚTBOÐ

Sundhöll Selfoss
Klórframleiðslukerfi

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í verkið *Sundhöll Selfoss - Klórframleiðslukerfi* í samræmi við útboðsgögn.

Um er að ræða hönnun, framleiðslu, uppsetningu og prófanir á klórframleiðslukerfi sem notar rafmagn, salt og vatn til að framleiða klórlausn fyrir Sundhöll Selfoss.

Afhending á fullfrágengnu klórframleiðslukerfi fer fram eigi síðar en 14 vikum eftir að gengið hefur verið frá samningi um kaup.

Útboðsgögn verða afhend í útboðskerfinu Ajour þar sem bjóðendur geta sótt gögn frá og með 9. apríl 2021. Bjóðendur skrá sig inn á vef og hlaða niður gögnum.

<https://arborg.ajoursystem.is/tender#/tender/edit/f44b228a-6355-4b73-a550-726fa47169bb/0>

Notkunarleiddbeiningar um kerfið má sjá hér:
<https://help.ajoursystem.com/astopic/tender/>

Tilboði skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

SKIPULAGSMÁL

Skipulagsmál í
Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

Þykkvafliót 3-9 - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Þykkvafliót 3-9, Eyrarbakka. Deiliskipulagsbreytingin tekur til einbýlishúsalóðanna Þykkvafliót 3, 5, 7 og 9. Lóðirnar verða sameinaðar í tvær raðhúsalóðir þar sem heimilt verður að byggja 4 íbúðir á einni hæð á hvorri lóð. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar deiliskipulags.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is.

Deiliskipulagsbreytingin er auglýst með athugasemdafresti frá 14.04.2021 til og með 26.05.2021. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 26.05.2021.

Athugasemdir og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is.

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar,
Anton Kári Halldórsson, skipulagsfulltrúi.

Guð gefðu mér þolinmæði - Strax



Guð, gefðu mér þolinmæði, STRAX hef ég oft heyrt fólk segja í gríni þegar því finnst eitthvað ekki gerast eins hratt og það vill. Já, ég skrifa í gríni en á bak við allt grín er nú smá alvara er það ekki.

Það er svo oft sem við erum óþolinmóð og viljum að hlutirnir gerist hratt. Við pöntum okkur mat á veitingahúsi og kvörtum yfir því að hann sé lengi að koma. Við þurfum að bíða í bíðröð og kvörtum yfir því. Við þurfum að fara eftir sóttvarnareglum og kvörtum yfir því. Já, það er alveg mannlegt að kvarta og það er mannlegt að verða óþolinmóður en mitt í því erum við kannski að missa af lærdómi. Til þess að þolinmæði okkar vaxi þurfum við að lenda í aðstæðum sem reyna á þolinmæði okkar. Til þess að hugrekki okkar vaxi þurfum við að lenda í aðstæðum sem krefjast þess að við þurfum að stíga inn í aðstæður sem jafnvel valda okkur ótta. Til þess að þakklæti okkar vaxi þurfum við að horfa í kringum okkur og sjá hvað það er sem við jafnvel tökum sem sjálfsagðan hlut.

Lífið er gjöf, hver dagur er gjöf og því ættum við ekki að taka sem sjálfsagðan hlut. Því finnst mér mun mikilvægara að við áttum okkur á því að við þurfum ekki að lifa alla daga þannig að við séum að bíða eftir helginni. Við megum njóta hvers dags. Ef við lítum á vinnuna okkar sem afplánu og bíðum eftir að vinnan klárast

þá er stór hluti dagsins okkar farin í það að „þjást“. Ef við komum síðan heim úr vinnunni og finnst erfitt að takast á við heimilisáðstæðurnar og bíðum eftir að börnin okkar fari að sofa þá erum við ekki að njóta þess tíma dagsins heldur. Ef við eyðum síðan restinni af deginum í skroll og hámhörf, förum síðan að sofa og endurtökum dag eftir dag þá er ekkert skrítið að við upplifum að dagarnir séu meira að taka af okkur hleðslu en að auka við hana.

Ég hvet þig til að taka stjórn yfir degi þínum. Taka hann jafnvel í pörtum ef það hjálpar. Skipuleggðu eitthvað með reglulegu millibili yfir daginn sem hleður þig. Það er hægt að nýta kaffipásur, matarhlé og slík tækifæri til þess. Byrjaðu á því að telja blessanir þínar. Skrifa niður hvað er jákvætt. Passaðu upp á að fá nægan svefn. Nærðu þig vel og mundu að það þurfa ekki allir dagar að vera fullkomnir. Á hverjum degi er eitthvað sem þú getur lært og jafnvel notað sem vaxtartækifæri.

Til að gera daginn enn betri hvet ég þig til að stinga þér í samband reglulega með því að gera eitthvað sem hleður þig andlega, líkamlega, félagslega og vittu til; kannski ferðu í gegnum daginn með aðeins meiri orku en þú ert vön/vanur.

Kærleikskveðja,
Gunna Stella

Panta tíma í ráðgjöf og/eða heilsu markþjálfun - www.gunnastella.is - Hlaðvarp: Einfeldara líf

Aðalsafnaðarfundur Selfossóknar 2020

Kona kjörin fundarstjóri í fyrsta sinn

Nýlega fór fram aðalsafnaðarfundur Selfossóknar fyrir starfsárið 2020. Í fyrsta sinn í sögu Selfoskirkju var kona kjörin fundarstjóri á aðalsafnaðarfundum, var það Fjóla Kristinsdóttir 2. varaformaður sóknarnefndar Selfoskirkju sem stýrði fundinum með miklum ágætum. En eins og allir landsmenn hafa upplifað hefur Covid-19 haft veruleg áhrif á safnaðarstarfið og gert öllum erfitt fyrir og gerir enn. Safnaðarstjórnin náði að halda 6 fundi, annaðist viðhald kirkjunnar að utan sem innan og ýmsar lagfæringar voru gerðar í kirkjugarði. Nýr prestur kom til starfa á árinu sr. Gunnar Jóhannesson og Selfoss- og Eyrarbakkaprestaköll voru sameinuð. Fjárhagsafkoma kirkjunnar er þókkaleg, enda aðhaldsaðgerðir í hávegum hafðar á árinu. Samþykkt var tillaga um kostnaðarsama viðhaldsframkvæmd sem fyrirhuguð er í sumar. Í máli sóknarprestisins sr. Guðbjargar Arnardóttur kom fram að erfitt hafi verið að halda úti hefðbundnu safnaðar- og helgihaldi, en reynt var að miðla helgihaldi á myndböndum á netinu og jólamessu var streymt á Facebook-síðu kirkjunnar. Með góðri

skipulagningu og sveigjanleika tókst að ferma yfir eitthundrað börn. Fjöldi kirkjugesta var 2266, aðrar bæna- og helgistundir 573 manns. Í prestsþjónustubók voru skráðar athafnir sem hér segir; skírnir 57, hjónavígslur 25, útfarir 42. Kórstjóri kirkjunnar Edit A. Mólnár og Kolbrún B. Grétarsdóttir tónlistarkennari stóðu fyrir kóránám-skeiði fyrir börn og unglunga þar sem 56 börn tóku þátt. Tókst þeim að halda uppi skemmtilegu starfi í barna- og unglíngakórum kirkjunnar þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

Sóknarnefnd kjörin

Á aðalsafnaðarfundinum var kosið til stjórnar og á fyrsta fundi skipti stjórnin með sér verkum og dró um röð varanna til stjórnarsetu. Í sóknarnefnd eru: Björn Ingi Gíslason formaður, Guðmundur Búason gjaldkeri, Guðrún Tryggvadóttir ritari, Þórður G. Arnason varaformaður, Fjóla Kristinsdóttir 2. varaformaður, Jóhann S. Bjarnason, Guðrún Guðbjartsdóttir, Páll Ingimarsson og Guðmundur B. Gylfason. Í varastjórn eru: Eyjólfur Sturlaugsson 3. varaformaður, Örn Grétarsson, Petra Sigurðardóttir, Sigurður Jónsson, Elínborg

Gunnarsdóttir, Ragna Gunnarsdóttir, Sigurbjörn Kjartansson, Sigurlín G. Ingvarsdóttir og Margrét Óskarsdóttir. Sóknarnefnd heldur að jafnaði 8 fundi á ári fjórða þriðjudag í mánuði kl. 17.30 í safnaðarheimili Selfoskirkju.

Hreinsunardagur 24. apríl

Sóknarnefnd Selfoskirkju hefur ákveðið að efna til hreinsunardags í kirkjugarðinum laugardaginn 24. apríl frá kl. 10 – 2. Hugmynd okkar er að fólk komi og taki þátt í hreinsun kirkjugarðsins og geti lagfært leiði ástvina sinna í leiðinni. Í fyrra var gerð tilraun með sérstakan hreinsunardag þar sem sóknarnefnd og kirkjukór ásamt aðstoðarfólki mætti og tókst það í alla staði vel. Vitað er um að kirkjur landsins hafa efnt til svona hreinsunardaga sem tekist hafa vel. Stór opinn gámur verður á svæðinu. Hér er upplagt tækifæri fyrir fjölskylduna að koma og taka þátt í hreinsunartaki kirkjunnar frá kl. 10 – 14, boðið verður uppá hressingu í hádegjunu. Við munum að sjálfsgöðu fara varlega vegna covid-19.

Björn Ingi Gíslason,
formaður

Árborgarsíðan

Fréttir og fróðleikur frá Sveitarfélaginu Árborg



Garðyrkjudeild Árborgar undirbýr sumarið

Garðyrkjustjóri Árborgar er jafnan kölluð Gulla, en heitir fullu nafni Guðlaug Friðrikka. Þrjár konur sjá nú um garðyrkjudeildina og vinna að þeim málum með öðru starfsfólki Þjónustumiðstöðvar Árborgar.

„Við stelpurnar í garðyrkjudeildinni Birna, Hlíf og ég erum búnar að vera í vetur að grisja mikið, með góðri aðstoð vinnufélaganna í Þjónustumiðstöðinni. Aðallega erum við búnar að taka úr sér vaxinn víði og aspir. Við erum í raun að undirbúa gróðursetningu komandi ára þar sem áhersla er lögð á að auka fjölbreytileika gróðurs hjá sveitarfélaginu – og auka loftfnisbindingu. Með hlýnun loftslags er aukin hætt á fjölgun meindýra sem herja á trjágróður og því er fjölbreytni og grisjun nauðsynleg til að minnka skaðann. Í vetur erum við búnar að skipuleggja gróðursetningar víðsvegar í sveitarfélaginu, teikna ný runna- og sumarblómabeð fyrir 2021-22. Við erum núna að leggja lokahönd á klippingar á stofnanalóðum og opnum svæðum og skipuleggja vinnu sumarsins.“

Í sumar er ætlunin að endurvekja matjurtagarðana sem eru staðsettir sunnan við Lóurima. Þar erum við að gera tilraun með hraukabeð, en þau eru byggð upp með trjágreinunum, sem við erum búin að grisja í vetur, hrossaskít og góðri mold. Almennungur getur síðan leigt sér beð/hrauk og ræktað sínar matjurtir. Við höfum ekki gert þetta áður en með mikilli rannsóknarvinnu og dyggri aðstoð Auðar



Gulla garðyrkjustjóri ásamt formanni umhverfisnefndar, Eggerti Val Guðmundssyni, og Braga Bjarnasyni, deildarstjóra frístunda- og menningar-deildar, við afhendingu Umhverfisverðlauna Árborgar árið 2020.

Ottesen þá held ég að þetta takist. Okkur langar að breyta þessu svæði í aldingarð með epla- og perutrjám og berjarunnum í bland við aðrar matjurtir. Matjurtagarðarnir eru hluti af græna treflinum sem náði utan um Selfoss fyrir nokkrum árum en sveitarfélagið hefur stækkað ört og er trefillinn nú að verða miðjan.

Við stefnum að því að grisja meira í framtíðinni, gróðursetja og laga alla stígana til að allir geti notið þess að ganga í gegnum skóginn í bænum. Við ætlum að bæta við dvalarsvæðum, áningarbordum og bekkjum. Það væri einnig gaman að hafa vísi að trjásafni í skóginum með merkingum og upplýsingum um tegundir, hvað þau geta orðið gómul o.s.frv.

Viðtöl vegna sumarstarfsmanna eru núna að hefjast, nánast er búið að undirbúa komu þeirra og upphaf vinnuskólans með verkefni sumarsins sem

verða fjölbreytt og skemmtileg. Við ætlum að reyna að einblína á opnu svæðin okkar og gera þau eins hugguleg og kostur er. Gróðursetning og þökulögn í nýjum hverfum og á nýjum leiksvæðum eru eitt af mörgum verkefnum sumarsins. Á milli verka verður haldið áfram að helluleggja bekkjapúða við helstu gönguleiðir til að tryggja gott aðgengi fyrir alla.

Sumarið 2020 rakst ég á lítinn garð í Hrísholti, sem sveitarfélagið á, og þar sá ég fyrir mér lítinn rósagarð. Hafist var handa undir eins að grafa upp úr beðum og snyrta til. Við gróðursettum fjölda tegunda rósa og skrautrunna og hlökkum við til að leggja lokahönd á þennan garð í sumar. Annað verk sumarsins er að gera lítinn fallegan garð við stytta Páls Ísólfssonar á Stokkseyri og einnig að skipuleggja íverustað á Eyrarbakka en staðsetning er í skoðun.“

Nýtt klórframleiðslukerfi í Sundhöll Selfoss

Síðar á þessu ári mun Sundhöll Selfoss hefja framleiðslu á sínum eigin klór með nýju kerfi sem á að vera umhverfisvænna en núverandi kerfi. Útboð er í gangi og ætti niðurstaða að liggja fyrir í maí nk. en Bæjarsjórn Árborgar samþykkti í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 framlög til kaupa á nýju kerfi og uppsetningu þess.

Með kaupum á klórframleiðslukerfinu verður allur klór fyrir Sundhöll Selfoss framleiddur á staðnum, úr salti sem á



að vera umhverfisvænni kostur en núverandi ferli. Rekstrar-kostnaður lækkar að auki umtalsvert og á nýja kerfið að borga sig upp á nokkrum árum. Nokkrar sundlaugar á Íslandi

nota kerfi til klórframleiðslu og hefur reynsla þeirra verið góð og því er það spennandi kostur fyrir sveitarfélagið að fara þessa leið til að lækka bæði rekstrar-kostnað og gera starfsmanna umhverfisvænna. Til skoðunar er að kaupa sambærilegan búnað fyrir aðrar sundlaugar í sveitarfélaginu síðar verði reynslan góð í Sundhöll Selfoss.

Útboðsferlið er í gangi og er hægt að nálgast útboðsgögn á útboðsvef Sveitarfélagsins Árborgar eða inni á útboðsvefur.is.

Vor í Árborg 22.-25. apríl 2021

Sveitarfélagið Árborg stefnir að því að bæjar- og menningarhátíðin Vor í Árborg fari fram dagana 22. - 25. apríl. Hátíðin mun taka mið af sóttvarnatakmeðferðum.

Mikill áhugi er hjá einstaklingum, félagsamtökum og fyrirtækjum að taka þátt í hátíðinni og er dagskráin fjölbreytt alla dagana. Nánari kynning á hátíðardagskránni



verður síðar í vikunni en í ljósi aðstæðna þarf að taka ákvörðun um einstaka dagskrárlíði eftir að ný sóttvarnareglugerð tekur gildi 16. apríl nk.

Úthlutun á leikskólaplássum í Árborg

Sveitarfélagið Árborg hefur snýlokið við að úthluta leikskólaplássum fyrir komandi skólaár. Samkvæmt innritunarreglum sveitarfélagsins er miðað við að börn sem verða tveggja ára á árinu fái leikskólapláss en nú er leitast við að öll börn 18 mánaða og eldri fái pláss.

Við nýgerða úthlutun hafa öll börn á þessum aldri fengið loforð um leikskólapláss. Er ánægjulegt að hægt hefur verið að fylgja gildandi innritunarreglum og gott betur. Eins og staðan er núna eru nokkur pláss laus og unnið er að frekari yfirferð á biðlistum.

Nýverið var tekinn í notkun nýr leikskóli í sveitarfélaginu, leikskólinn Goðheimar á Selfossi. Fyrst um sinn var ákveðið að taka í notkun þrjár deildir, til samræmis við íbúafjölgun, og gert ráð fyrir þeim rekstri í fjárhagsáætlun ársins 2021. Goðheimar er sex deilda leikskóli og því miklir möguleikar á að bregðast við óskum um innritun barna á næsta ári, samkvæmt innritunarreglum sveitarfélagsins.

Að undanförunu hefur verið mikil ásókn í innritun yngri barna en 18 mánaða, sem er

talsvert yngri en kveðið er á um í innritunarreglum. Fram til þessa hafa stundum verið innrituð yngri börn en reglur segja til um, ef aðstæður hafa leyft það. Vegna þessarar miklu aðsóknar er verið að skoða slíkar óskir, meta fjölda umsókna um innritun yngri barna, aldur þeirra og möguleg úrræði.

Ef tekin verða inn yngri börn en reglur segja til um leiðir það til aukins rekstrar-kostnaðar hjá sveitarfélaginu sem væri umfram heimildir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Þess vegna er verið að greina þessar óskir og umfang þeirra og reikna út viðbótarkostnað af hugsanlegum viðbrögðum, því ef ákvörðun verður tekin í þessa veru þarf að afgreiða viðauka við fjárhagsáætlun ársins í bæjarsjórn. Rekstur sveitarfélagsins, hér eins og annars staðar, er þungur um þessar mundir og í mörg horn að líta þegar kemur að forgangsröðun verkefna og fjárfestinga.

Verkefnið þessa dagana er engu að síður að skoða og greina málið, leita lausna og taka síðan í framhaldinu ákvörðun í ljósi stöðunnar.



Samfella í skóla og íþróttastarfi í Rangárþingi eystra

Gríðarlegur áhugi er á meðal ungmenna á íþróttum og tólmundastarfi í Rangárþingi eystra. Samfella í skóla- íþrótt- og tólmundastarfi er lykilstæða fyrir því. Samfellingarferð gengur út á að börn og unglingar nái að komast á æfingar innan innan ramma skólaaksturs og þannig að sem flest geti stundað sína íþrótt/tólmundastund áður en skólabíll fer heim.

Mikil þátttaka er meðal barna í samfellingarferðunni og er íþróttahúsið fullnýtt undir æfingar íþróttafélagana nánast alla daga og langt fram á kvöld. Auk íþróttahúsa hefur verið boðið upp á leiklist, leirlist, gler og list, smíði og fleira þar sem reynt er að höfða til þeirra barna sem ekki hafa áhuga á íþróttum eða vilja meiri fjölbreytni.

Um helmingur þeirra barna sem stunda samfellingarferð býr í dreifbýlinu og nýtir sér skólaakstur. Boðið er upp á skólaakstur alla daga vikunnar kl. 13:20 og 15 fyrir utan föstudaga þar sem aðeins er í boði ferð kl. 12.

Vegna samfellingarferðar eru svo sérstakar aukaferðir þrjá daga vikunnar kl. 17 og henta þessar ferðir henta þeim börnum sem eru í samfellingarferð sérstaklega vel.

Íþróttafélagið Dímón býður upp á fjölmargar íþróttagreinar í samfellingarferðunni m.a. borðtennis, blak, fimleika, körfubolta, sund, frjálssar íþróttir og fleira. Kostnaður hvers iðkanda er í algjöru lágmarki og aðeins er greitt eitt gjald og getur barnið stundað allar þær greinar sem Dímón hefur upp á að bjóða. Flestar æfingar hjá Dímón rúmast innan samfellingarferðar en þó ekki alveg allar.

Þeir krakkar sem hafa áhuga á knattspyrnu geta stundað æfingar með KFR frá 4-15 ára aldurs í öllum flokkum karla og kvenna. Hjá KFR eru um 250 iðkendur og þar af 180 í Rangárþingi eystra. Ekki rúmast þó allar knattspyrnuæfingarnar innan samfellingarferðar en reynt að hafa amk eina æfingu í viku hjá hverjum flokki innan hennar.

Tónlistarstarf er einnig gríðarlega mikilvægt í Rangárþingi eystra. Hér hjá okkur er rekinn öflugur tónlistarskóli með frábæru starfsfólki og eru um 100 nemendur í tónlistarnámi í Rangárþingi eystra. Starfsfólk tónlistarskólans á líka stóran þátt í samfellingarferðunni enda er ávallt reynt að finna tíma fyrir hvern nemanda sem hentar hverjum og einum.

Mikill metnaður er lagður í menntun þjálfa hjá Dímón og KFR. Þjálfurum gefst kostur á að fara á þjálfaranámskeið á kostnað íþróttafélaganna og eins eru haldnir þjálfarafundir reglulega þar sem farið er yfir hvernig gengur hjá hverjum og einum. Alltaf er reynt að finna þjálfara við hæfi með hverjum aldursflokki og er reynt að skapa þeim þannig umhverfi að þeir geti unnið sitt starf sem best.

Nýlega fékkst styrkur um sérstök úrræði fyrir börn sem ekki eru í neinum íþróttum og tólmundastarfi og unnið er að samningi við leiðbeinendur um

vinnu með þau ungmenni/börn. Hlutverk þeirra verður að fræða ungmennin um heilbrigðan lífsstíl, hollustu og hreyfingu.

Yngstu börnin okkar nota Skólaskjólíð eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Þar taka á móti börnum starfsmenn með mikla reynslu og þekkingu á þörfum þeirra. Í Skólaskjólínu er skipulögð starfsemi innan- sem utandyra fyrir börnin og starfsmennirnir hjálpa svo til og aðstoða við að minna börnin á að fara í sína íþrótt og hjálpa þeim út.

Þegar í íþróttahúsið er komið taka starfsmenn íþróttahússins svo við þeim og fylgja þeim í klefa og aðstoða þau þar. Í lok íþróttatímans hjálpast svo allir að við að koma koma börnum á öruggan hátt aftur í Skólaskjólíð og í skólabíla. Bílstjórnarnir bíða svo oftast þolinmóðir eftir börnunum, sem stundum gleyma sér aðeins í íþróttahúsinu.

Félagsmiðstöðvastarfi er ekki lögbundnið en í Rangárþingi eystra er félagsmiðstöðin Tvísturinn opinn alla daga vikunnar til kl. 17 og því alltaf opin á meðan samfellingarferð stendur yfir og stendur öllum börnum af mið- og elsta stigi til boða. Nemendur hafa því alltaf afdrep þar á meðan beðið er eftir æfingum eða á milli æfinga. Aðstaðan þar er öll til fyrirmyndar og starfsfólkið gott.

Þar koma krakkarnir gjarnan, borða nestið sitt, spila, spjalla eða bara að hanga.

Samfellingarferð hefur gengið mjög vel síðustu ár og samstarf milli skóla og íþróttafélaga hefur gengið að mestu leyti hnökralaust sem og öll skipulagning. Reynt er að vinna stundatöflur fyrir samfellingarferð þannig að tímar skarist ekki og ekki sé sithvor æfingin fyrir sama aldur á sama tíma. Oft er erfitt að láta allt smella saman út frá óskum þjálfara, lausra tíma í íþróttahúsi og þörfum barnanna en oftast gengur þetta að lokum.

Ekki eru um neinar hvatagreiðslur til foreldra vegna íþróttahúsa eða tólmundastunda að ræða hjá okkur en sveitarfélagið Rangárþingi eystra styður við og styrkir íþróttafélögin bæði með búnaði og peningagreiðslum svo að íþróttastarfið gangi sem best og allir þessir möguleikar eru í boði fyrir börnin.

Með þessum stutta pistli langaði mig bara rétt að gefa innsýn í hversu vel er staðið að íþrótt- og æskulýðsstarfi meðal barna og unglinga í Rangárþingi eystra og hversu vel er hægt að gera ef allir leggjast á eitt til að gera samfellingarferð mögulegt.

Ólafur Örn Oddsson,
íþrótt- og æskulýðsfulltrúi
Rangárþings eystra.



Kötlusetur forstöðumaður

Laus er til umsóknar, staða forstöðumanns Kötluseturs í Vík í Mýrdal

Kötlusetur er miðstöð menningar, fræða og ferðamála í Vík. Markmið sjálfseignarstofnunarinnar er að efla menningarlíf í Mýrdalshreppi, auka gæði sveitarfélagsins sem ferðamannastaðar og stuðla að uppbyggingu menningarmínja. Kötlusetur starfar í nánú samstarfi við Mýrdalshrepp, Kötlu UNESCO jarðvang, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og hagsmunaaðila ferðapjónustunnar.

Kötlusetur rekur gestastofu með sýningum um náttúru og sögu svæðisins ásamt upplýsingamiðstöð ferðamanna.

Starfið er fjölbreytt og felur í sér: ♦ samstarf á vetvangi menningar og ferðamála, ♦ verkefnastjórn, ♦ umsjón fasteigna, ♦ almennan rekstur og starfsmannahald, ♦ áætlanagerð og stefnumótun, ♦ ráðgjöf í samstarfi við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, ♦ ráðgjöf um mótun og fjármögnun verkefna á sviði menningar, nýsköpunar og atvinnuþróunar.

Hæfniskröfur: ♦ háskólamenntun sem nýtist í starfi, ♦ leiðtogaþæfni og hæfileiki til að stýra fjölbreyttum verkefnum, ♦ reynsla af rekstri, ♦ góð tök á íslensku og ensku, ♦ góð færni í mannlegum samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð nauðsynleg.

Starfið felur í sér mannaforráð.

Umsóknarfrestur er til **23. apríl 2021**. Æskilegt viðkomandi geti hafið störf 1. júní eða sem fyrst samkvæmt samkomulagi. Nánari upplýsingar veitir Vala Hauksdóttir: kotlusetur@vik.is. Umsóknir berist á sama netfang.



BES leiðandi skóli í Erasmus+ verkefninu

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri sótti um Erasmus+ styrk síðastliðið vor ásamt skólum í Tallinn, Kaupmannahöfn og Zagreb. Þessi styrkur er veittur til tveggja ára frá hausti 2020 til vors 2022. Skemmt er frá því að segja að þessi styrkur var samþykktur. Barnaskólinn er leiðandi skóli í þessu verkefni og er það mikill heiður fyrir lítinn skóla í litlu landi, segir í tilkynningu frá skólanum.

Verkefnið heitir Wonders of water in science and nature (Undur vatnsins í vísindum og náttúru) og gengur út á það að kynna fyrir nemendum á yngsta stigi hversu stór hluti af veröldinni er vatn og hversu mikið við notum vatn og afurðir þess í daglegu lífi. Einnig að kynna fyrir þeim undrin sem eru fólgin í samspieli vatns og náttúru. Sjórinn, mýrar, árnar, lækirnir, vötnin og fossarnir. Vatnið í krananum, heita vatnið, vatn og virkjanir, sundlaugar og allt sem viðkemur vatni í umhverfi okkar.

Skv. tímaáætlun verkefnisins áttu fulltrúar hinna skólanna að koma í heimsókn sl. haust. Þeirri heimsókn var frestað þangað til ferðafrelsi verður aftur virkt í heiminum. Í þessari heimsókn ætluðu fulltrúarnir að leggja



Börnin hittust á Zoom og sungu fyrir hvert annað.

lokahönd á skipulag verkefnisins og einnig ætluðu fulltrúar hinna skólanna að kynna sér vatnið á Íslandi. Ekki var talið æskilegt að leggja í ferðalög milli landa með leikskólabörn frá Tallinn eða að ferðast með börn af yngsta stigi grunnskóla jafn langa leið og til og frá Íslandi.

Þetta verkefni hefur verið í eins konar biðstöðu hvað varðar samvinnu milli landa, en við höfum haft einn Zoom jólafund þar sem nemendur í öllum löndum sungu á Zoom. Einnig hafa forsprakkar verkefnisins hist á Zoom.

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri er mjög virkur í Erasmus+ -samstarfi og hefur það skilað sér í víðsýni og einnig góðum hugmyndum sem við höfum unnið með.



Staða íþróttastjóra Handknattleiksdeildar UMF. Selfoss laus til umsóknar

Íþróttastjóri er starfsmaður á skrifstofu Handknattleiksdeildar UMF. Selfoss og starfar undir stjórn handknattleiksdeildar og í samráði við unglingaráð deildarinnar. Íþróttastjóri skal á faglegan hátt stuðla að markvissri uppbyggingu á handknattleik á vegum Handknattleiksdeildar UMF. Selfoss, tryggja jafnræði í starfi, skipuleggja starfið og skilgreina markmið þess og móta þannig heildarstefnu sem hægt er að vinna skipulega eftir.

Helstu verkefni íþróttastjóra eru:

- Hefur yfirumsjón með öllu faglegu starfi félagsins í handbolta.
- Hefur yfirumsjón með skipulagningu á allri þjálfun yngri flokka frá grunni og að hún sé í samræmi við markmið og heildarstefnu deildarinnar.
- Hefur yfirumsjón með handknattleiksakademíu Fjölbrautaskóla Suðurlands.
- Sér til þess að æfingaáætlanir séu gerðar fyrir alla flokka og þar skal koma skýrt fram stefna og markmið hvers flokks og þetta kynnt iðkendum og foreldrum.
- Útbúa námsskrá fyrir akademíu sem tekur mið af kröfum sem stjórn handknattleiksdeildar og stjórnendur FSu setur.
- Hefur yfirumsjón með mótum sem deildin heldur.
- Stuðlar að auknu upplýsingaflæði og samvinnu við foreldra.
- Stýrir álagi iðkenda félagsins.

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun og/eða menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af íþróttastarfi.
- Góðir skipulags- og stjórnunarhæfileikar.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Færni í mannlegum samskiptum, samskiptahæfni og samstarfsvilji.
- Hæfileiki til að tjá sig í rituðu og töluðu máli og haldgóð tölvukunnátta.

Umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá umsækjanda og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar um starfið veita Þórir Haraldsson formaður í síma 664 1890 og Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson framkvæmdastjóri í síma 694 1721.

Umsóknarfrestur er til **30. apríl 2021**.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknum má skila rafrænt á netfangið handbolti@umfs.is.



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



STARFSFÓLK ÓSKAST

Við hjá Gróðrarstöðinni Ártanga leitum að hressu og skemmtilegu fólki til almennra garðyrkjustarfa.

Íslenskukunnátta, sjálfstæð vinnubrögð og samviskusemi eru ofarlega á óskalistanum hjá okkur en auk þess væri gott að umsækjandi hafi aðgang að bifreið því almennings-samgöngur eru í lágmarki.

Um framtíðarstörf gæti verið að ræða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst en umsóknarfrestur er til 25. apríl nk. Öllum umsóknum verður svarað eins fljótt og hægt er. Sendið endilega umsókn á artangi@artangi.is.



SUMAR 2021

Sumarstörf í Þjóðveldisbænum

Hefur þú lokið framhaldsskóla, ert núna í öðru námi eða á milli anna og leitar að sumarstarfi?

Við hjá Landsvirkjun leitum að jákvæðum og úrræðagóðum einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa í Þjóðveldisbænum í Þjórsárdal í sumar.

Æskilegt er að hafa reynslu af þjónustustörfum og þekkingu á svæðinu og sýna sjálfstæði, sköpun og frumkvæði í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með **22. apríl 2021**.

Fyrirspurnir og umsóknir skulu berast á sumarstarf@landsvirkjun.is



Hótel Geysir, himnaríki á jörð

Haukadalur í Biskupstungum er sá bær á Íslandi sem einna lengst liggur frá sjó. Hluti jarðarinnar er í 200 metra hæð yfir sjávarmál. En Haukadalur hefur um aldir verið höfuðból. Fyrst í tíð Halls hins milda Þórarinssonar á elleftu öld þar sem hann tók í fóstur bæði Teit Ísleifsson biskupsson frá Skálholti og Ara fróða Þorgilsson. Teitur kom upp prestaskólanum í Haukadal. Ari fróði kallaði Teit einnig fóstura sinn. En Ari fróði er um margt jafn merkur Snorra Sturlusyni í ritverkum. Hann skrifar Íslendingabók og Landnámu, helstu heimildirnar um landnámið. Enda segir Snorri í Heimskringlu, Ara „stórvitran og minnugan.“

Sigurður Greipsson var íþróttafrómuðurinn og skólamaðurinn sem menntaði um 800 unga menn í Íþróttaskólanum í Haukadal á 44 árum. Margir þeirra urðu leiðtogar ungmennafélaga og sveita sinna og báru skólanum gott vitni. Sigurður er öllum þeim sem kynntust honum

minnisstæður og enn heyrum við Skarphéðins-menn eldmóð ræðumannsins mikla.

Fyrst þegar undirritaður tók að koma að Haukadal var skólinn liðinn undir lok en þau hjón héldu uppi nokkurri reisu og höfðu búskap. Þetta var á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Allt var á fallandi fæti þannig að staðurinn mátti muna sína fyrri frægð. Synir þeirra hjóna bjuggu á staðnum og höfðu reist iðnaðar- og þjónustubýli. Þórir og Þórey svo og Greipur og Kristín. Bjarni var einnig viðloðandi staðinn. Már og Sigríður tengdadóttir voru heima að sumrinu en unnu á Laugalandi í Holtum við skólann. Már var mér kær, en hann kenndi mér íþróttir í Héraðsskólanum á Laugarvatni og var að læra að verða íþróttakennari. Á þessum tíma var óljóst hvað yrði um skólahús Sigurðar og staðinn en Már og Sigga ráku sjoppu og nokkra greiðasölu á sumrin og voru að huga að framtíð höfuðbólsins.

Sigurður var mikilúðlegur á bekknum

Þegar ég tók að koma að Haukadal sat Sigurður oft á bekk þar sem gengið er inn á hverasvæðið og var mikilúðlegur með húfu og staf. Ég var í erindagjörðum Mjólkurbúsins en hann var með stráka í vinnu og átti nokkrar kýr í fjósi og ær í fjárhúsum. Ég settist gjarnan hjá Sigurði og hann fræddi mig um hverina og sögu Haukadals. Stundum sagði hann við mig „Nú söðlum við hesta og ríðum inn á Haukadalsheiði að sjá uppgræðsluna og hlusta á lækjarnið og klukknahtjórn eins og Bergþór í Bláfelli.“ Enn iðrast ég þess að hafa ekki farið í þessa ferð og skrúpað hjá mjólkurbúinu í einn dag. En Sigurður seldi stóran hluta Haukadals til Danans Kristjáns Kirk sem vildi stöðva uppblásturinn mikla og hann gaf svo Skógræktinni eign sína síðar. Við Sigurður áttum síðar ógleymanlegan fund þegar ellin var farin að lemja hann enn fastar. Ég kom sem sendibóði frá mjólkurbúinu að fá hann til að



Haukadalshjónin, Mær Sigurðsson og Sigríður Vilhjálmsdóttir.

hætta við kúabúskapinn, en þá bjó hann með fjórar kýr. Ég kom í stofu Sigurðar sem sat í djúpum stól og fljótlega tók ég að prédika um hversu mikilvægt væri að hann hætta við kýrnar. Ég reyndi að flytja mál mitt skörulega enda við einn mesta ræðugarp landsins að eiga. Sigurður hlustaði góða stund og kinkaði kolli. Mikið brá mér þegar hann reis örsnöggt úr sæti, kreppti hnefann barði stafnum í gólfíð og sagði: „Það er uppgjöf við lífið að hætta með kýrnar.“ Sigurður Greipsson var síðasti Íslendingurinn í hinni fornu mynd.

„Mjólkurkýrnar,“ eru nú ferðamenn

Í dag er búskapurinn í Haukadal blómlegur. Í stað nemenda og kúabúskapar er þar þjónusta við ferðamenn sem gefur hinum sögufrægastað hlutverk og lífsgildi. Ferðaðþjónustan mun aftur rísa í enn meiri hæðir, hún á líf eftir Covid. Geysir og Strokkur blása og ferðamenn sækja þá heim. Ríkið á enn sinn hlut í skötulíki við Geysi, hverasvæðið. Nú hefur stefnumótun farið fram með heimamönnum og þá ber ríkinu að hefjast handa og koma góðum áformum í framkvæmd. Við Margrét gistum á hinu frábæra nýja hóteli og nutum þjónustunnar. Við höfum víða ratað og fullyrði ég að hótelið er að allri gerð eitt flottasta hóteli í víðri veröld. Einstök hönnun, snyrtimennska úti og inni og allt fellur inn í landslagið. Nú er það Sigríður Vilhjálmsdóttir sem rekur þennan stað með börnum sínum þeim Sigurði og Mábil og tengdadóttur Elínu Svöfu Thorodden.

Geysisfjölskyldan á þúsund ráð og mýmörg tækifæri til að efla og fylgja eftir athafnaþrá sinni. Náttúran, hverasvæðið og

gróðurvinin í Haukadal, jökullinn og jarlhettur. Fræðasetur Ara fróða og minningin um skóla Sigurðar Greipssonar og Teits Ísleifssonar. En út af Teiti erum við Haukdælir komnir. Trölíð Bergþór í Bláfelli, sem liggur utangarðs við Haukadalskirkju og svo gönguleið hans niður á Eyrarbakka, gömlu Biskups-göturnar. Kyrrðin og friðurinn inn í Haukadal þar sem fer saman klukknahtjórn Haukadalskirkju og lækjarniður Beinár. Sigurður Greipsson átti sér þann draum að deyrja inn í Bjarnarfellið en Már sonur hans að byggja lyftu upp og hafa kaffihús á toppi þess. Kannski rætast allir þessir draumar.

Hvað með Skálholt?

Sú var tíðin að Skálholt yfirtók Haukadal. Nú ætti kirkjan að fela Skálholt í hendur Haukadalsfjölskyldunnar, því kirkjan hefur orðið árátta til að gera allt að engu. Það er eins og miðaldamyrkrið umlyki Skálholtsstað. Skálholt er að verða eyðistaður þar sem nokkrir trúaðir menn biðja til guðs. En þaðan menntaðist þjóðin og varð hugsjónarík. Í hinum gamla göfuga minjasal, þú geymir Skálholt, Þingvöll, Haukadal, kæra Árneshöfðing og átt Gullfoss. Og svo miklir voru Tungnamenn í tíð Sigurðar Greipssonar að Guðjón Sigurðsson mjólkurbílstjóri og bóndi í Gaulverjabæ fullyrti að þeir „hefðu allir verið höfðingjar á heimsmælikvarða. Í sama streng tók séra Guðmundur Óli Ólafsson. Til hamingju Sigríður Vilhjálmsdóttir, þið Már unnuð fyrir upprisu Haukadals með svita og tárur, og eplinn falla ekki langt frá eikinni. Gisting á Hótel Geysi er himnaríkisvist í faðmi Íslands.

Guðni Ágústsson.



Sigurður Greipsson og Guðni Ágústsson virða fyrir sér barinn.

Sumarstörf í íþróttahúsi og sundlaug

Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir laus störf við íþróttamannvirki á Laugarvatni

Um er að ræða sumarstarf frá 28.maí—15.ágúst

Verkefni starfsmanna felast m.a. í:

- Gæslu við sundlaug, baðvörslu og eftirliti með íþróttahúsi og þreksal.
- Afgreiðslu – þjónustu við gesti.
- Þrifum á mannvirkjum.

Hæfniskröfur:

- Hafi góða þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Við ráðningu, sitji námskeiði í skyndihjálpi og standast sund- og þolpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- Sýni frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hafi hreint sakavottorð.
- Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri.

Laun og starfskjör samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 26.apríl

Frekari upplýsingar veitir Kristbjörg Guðmundsdóttir í síma 480 3041 eða á kristbjorg@blaskogabyggd.is





ÖLFUS

Sumarafleysingar óskast í þjónustuhús aldraðra í Þorlákshöfn

Sumarafleysing óskast í Dagdvöl aldraðra í Þorlákshöfn. Starfsmaður getur hafið störf strax eða frá byrjun júní til ágústloka. Um hlutastarf er að ræða í upphafi en síðan fullt starf.

Matráður óskast í til sumarafleysinga í eldhús í þjónustuhúsi aldraðra í Þorlákshöfn í fullt starf. Ráðningartímabil í júlí og ágúst.

Sumarafleysing óskast í heimaþjónustu í Þorlákshöfn í 80% starf.

Laun eru skv. kjarasamningi FOSS og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Ásrún Jónsdóttir deildarstjóri málefna aldraðra í síma 483 3614 eða asrun@olfus.is.

Aldurstakmark er 20 ár. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknarfrestur er til 21. apríl 2021.

Umsóknum skal skilað rafrænt á www.olfus.is

Vegna barnsburðarleyfis er 70% staða náms- og starfsráðgjafa við Grunnskólann í Þorlákshöfn laus fyrir skólaárið 2021-2022



ÖLFUS



Í skólanum eru um 255 nemendur í 1. – 10. bekk og við hann starfar hæft og vel menntað starfsfólk. Einkunnarorð skólans eru: Vinátta, virðing og velgengni. Sveitarfélagið Ölfus hefur sinnt skólamálum af miklum metnaði og er húsnæði skólans afar gott líkt og allur aðbúnaður. Gott samstarf er við leik- og tónlistarskóla á staðnum, en tónlistarskólinn er í húsnæði grunnskólans. Skólinn er græn-fánaskóli og vinnur að innleiðingu uppeldisstefnunnar Uppeldi til ábyrgðar ásamt áherslu á teymiskennslu. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Að vera trúnaðarmaður og talsmaður nemenda.
- Standa vörð um velferð allra nemenda og veita ráðgjöf varðandi nám, náms-tækni og námsvenjur.
- Stýra starfi eineltisteymis og halda námskeið fyrir nemendur um bætt samskipti í samvinnu við kennara.
- Sjá um náms- og starfsfræðslu í 10. bekk og ráðgjöf um tilfærslu milli skólastiga.
- Taka þátt í samstarfi innan og utan skólans.

Hæfniskröfur:

- Starfsréttindi sem náms- og starfsráðgjafi
- Geta starfað sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og frumkvæði

Frekari upplýsingar um starfið: Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands (FG). Starfið hentar jafnt körlum sem konum. Um tímabundna ráðningu er að ræða fyrir næsta skólaár. Ráðið er í stöðuna frá og með 1. ágúst 2021.

Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl 2021 og skal umsóknum ásamt ferilskrá skilað í tölvupósti á netfangið olina@olfus.is. Nánari upplýsingar má nálgast hjá skólastjóra, Ólínu Þorleifsdóttur, olina@olfus.is eða aðstoðarskólastjóra, Jónínu Magnúsdóttur, jonina@olfus.is.

Skólastjórnendur

Flóahreppur óskar eftir að ráða ritara/gjaldkera í hlutastarf á skrifstofu Flóahrepps

Ábyrgðar- og starfssvið:

- Annast símsvör, samskipti og upplýsingagjöf til íbúa og annarra í afgreiðslu Flóahrepps
- Sjá um móttöku póstis og annarra skjala
- Leita eftir samþykki kostnaðarreikninga og sjá um greiðslu reikninga og launa
- Annast útreikning á húsaleigubótum og hvatastyrkjum, greiðslu þeirra og álagningu þjónustutekna
- Annast flokkun og vistun skjala og upplýsingamiðlun á heimasíðu Flóahrepps
- Önnur almenn skrifstofustörf og verkefni sem yfirmaður felur honum enda samræmist það verksviði starfsmanns
- Ábyrgð gagnvart sveitarstjóra og sveitarstjórn í öllum störfum sínum og ákvörðunum.

Gerð er krafa um eftirfarandi:

- Trúnað í starfi
- Stundvísi og reglusemi
- Góða almenna tölvunotkun
- Góða færni í almennum samskiptum
- Góða þekkingu á nærumhverfinu og á verkefnum og skyldum sveitarfélaga
- Þekking á skjalavörslu æskileg
- Þekking á dk-bókhaldskerfi sem viðkemur kröfu- og reikningagerð æskileg

Vinnutími er frá kl. 8:30-13:00 alla virka daga.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. júní 2021. Laun samkvæmt kjarasamningum.



FLÓAHREPPUR

Nánari upplýsingar gefa Guðrún Elísa Gunnarsdóttir, ritari/gjaldkeri, og Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, í síma 480 4370. Umsóknum þarf að skila á netfangið floahreppur@floahreppur.is eða í afgreiðslu Flóahrepps í Þingborg, 803 Selfoss, fyrir **27. apríl 2021**.

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

AI-Anon Selfossi
AI-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

AI-Anon
AI-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

KIRKJUR

Selfoskirkja
Messa sunnudaginn 18. apríl kl.
11. Birt með fyrirvara um breyttar
söttvarnareglur. Sjá nánar á
www.selfoskirkja.is.

BÍLAR

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskodanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

GPB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Áttund

Yoga nidra
byrjar 14. apríl.
Yoga nidra net-
námskeið 17. apríl.



Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand.mag. í iþróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeister,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Nudd -
Svæðanudd

Dáleiðsla

Auglestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Guðjón Baldur áfram hjá Selfossi

Handbolti Örvhenti hornamaðurinn Guðjón Baldur Ómarsson hefur samið við handknattleiksdeild Selfoss til tveggja ára. Guðjón Baldur, sem er aðeins 21 árs, hefur verið fastamaður í liði Selfoss í nokkur ár og varð meðal annars Íslandsmeistari með liðinu árið 2019. Handknattleiksdeildin er gríðarlega ánægð með að Guðjón Baldur hafi framlengt samning sinn og við hlökkum til að fylgjast með honum og félagum hans spila handbolta seinna í vor. -umfs



Ljósmynd: Umf. Selfoss / ÁPG

Suðurland og sóknarfærin

Uppbygginguna, sem verður að eiga sér stað eftir heimsfaraldurinn, þarf að undirbúa strax. Vinna ætti eftir sérstöðu hvers landssvæðis fyrir sig.

Eðlilegt er að horft sé til matarkistunnar Suðurlands í þeirri uppbyggingu, til landbúnaðar og annarrar grænnar atvinnustarfsemi. En ferðaþjónustan er annar mikilvægur þáttur og á Suðurlandi þarf að leggja stóruka áherslu á alla innviði, allt frá vegagerð til heilbrigðisþjónustu og löggæslu sem þurfa að geta borið aukið álag.

Sköpunargleði

Leita þarf líka nýrra lausna. Á Suðurlandi eru mörg dæmi um stór og smá nýsköpunarverkefni sem hafa skapað verðmæti og störf. Bæði í ferðaþjónustu og matvælaíðnaði en einnig á öðrum sviðum.

Margir búa yfir góðum hugmyndum en þurfa hvatningu og stuðning til að komast af stað, þróa hugmyndir og móta og koma í framkvæmanlegt ferli. Löggjafinn á að skapa almennar forsendur til að nýsköpun fái að dafna, bæði lagaumgjörð og fjármagn. En það þarf líka að taka tillit til aðstæðna þar sem fjárlægðir eru talsverðar og kostnaðarsamt að afla aðfanga og koma afurðum á markað.

Fjárfestingar í grænni nýsköpun hafa aldrei verið jafn mikilvægar og nú á tímum og eru okkur raunar lífsnauðsynlegar þegar við stöndum frammi fyrir loftslagsvá af mannavöldum og hlýnun jarðar.

Það þarf að ýta undir fjölbreytta samsetningu atvinnulífs og verðmætasköpunar svo standa megi undir góðum kaupmætti, háu atvinnustigi og sterku velferðarkerfi. Framsýni og sköpunargleði munu ryðja þar brautina.

Áhuga og fæmi skortir ekki og þekking býr meðal fólksins á Suðurlandi.

Garðyrkjuskólinn

Matarvenjur okkar eru að breytast með aukinni grænmetisneyslu og færa má fyrir því rök að þær verði að breytast enn frekar. Aukin grænmetisframleiðsla hér á landi mun ekki bara spara gjaldeyri vegna minni innflutnings heldur einnig minnka kolefnisfótsporið. Hvoru tveggja er eftirsóknarvert og nauðsynlegt að gera.

Styrkleikar okkar til aukinnar grænmetisframleiðslu eru miklir í formi endurnýjanlegar raforku og jarðvarma. Við verðum að láta tækniþekkingu vinna með okkur til að auka og auðvelda grænmetisframleiðslu hér á landi.

Oddný G.
Harðardóttir

Þingmaður Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi



Vöxtur grænmetisræktunar og græn nýsköpun kalla á öflugna menntastofnun til stuðnings við atvinnugreininna. Þess vegna er Garðyrkjuskólinn að Reykjum í Ölfusi svo mikilvægur. Það er grundvallaratriði í framþróun innan greinarinnar að skólinn eflist og styrkist. Gera verður skólanum kleift að styðja með markvissum hætti við garðyrkju og grænmetisframleiðslu og nýsköpun í matvælaíðnaði.

Í október í fyrra kynnti Samfylkingin stefnumörkun sem við köllum *Ábyrga leiðin úr atvinnukreppu til grænnar framtíðar*. Þar eru fjölmargar tillögur um vinnu, velferð og uppbyggingu um allt land. Ein tillagan snýr að Garðyrkjuskólanum að Reykjum og öfluglu starfsnámi þar á framhaldsskólastigi ásamt endur- og símenntun í garðyrkju, grænmetisframleiðslu og umhverfismálum. Sú tillaga mun ná fram að ganga komist Samfylkingin í ríkisstjórn eftir kosningarnar í september.

Fjöldi Sunnlendinga í bólusetningu liðna helgi

Skjólstæðingar heilsugæslustöðva á Selfossi, Hveragerði, Þorlákshöfn og Laugarási sem eru 70 ára eða eldri, var boðið að koma í bólusetningu sem fram fór í Vallaskóla á Selfossi laugardaginn 10. apríl sl. Í samtali blaðamanns við fólkíð kom fram að það væri langþráð að fara að sjá fyrir endann á veirunni og komast aftur í hefðbundið líf án takmarkana sem hafa lítað sl. rúmt ár. Um bóluefnið sagði einn af fyrst Kári Stef léti sig hafa það að fara myndi hann ekki skorast undan. -gpp



Mynd: Dagskráin/GPP



Nýtt leiksvæði við Hólatjörn

Framkvæmdir við nýjan hverfisvöll á mótum við Hólatjörn eru hafnar og mun leiksvæðið verða hið glæsilegasta og þjónað öllum aldurshópum.

Svæðinu verður skipt upp í þrjú svæði

Eitt svæðið verður hannað fyrir yngri börn, sem verður afgirt með hliði. Leiktæki á því svæði verða; lítill renni-braut, gormatæki, skip og tvö rör/göng. Undirlagið verður gúmmihellur eða gervigras. Gróðurmon umlykur svæðið til háls og skapar skjól. Borð og bekkir á hellulögðu svæði.

Annað leiksvæði, fyrir eldri börn, verður með 2 rólusettum, þar sem annað er með ungbarnasætum. Einnig verður þar kastali, hringekja og surfy-jafnvægistæki. Gróður og hellulagt svæði fyrir borð og bekki.

Skógarsvæðið verður með skógarstígum og leiktækjum í Asparlundi. Þar verður gert ráð fyrir brú, 3 smárestöplum, jafnvægistæki auk kastala.

Leiksvæðið verður klárt til notkunar snemma í sumar svo að ungir sem aldnir munu án efa nýta sér þetta skemmtilega leiksvæði vel.

Arðsemi hamingjunnar á landsbyggðinni - Ný heimssýn á nýjum tímum

Á innihaldsríkri ráðstefnu laugardaginn 17. apríl nk. verður fjallað um ríkidæmi landsbyggðarinnar. Hver eru tækifæri landsbyggðarinnar? Hvernig tökumst við á við breyttan veruleika? Hver er vefferð frumkvöðuls, hindranir, árangur og hvert er sunnlenska módelið? Fjallað verður um sjálfbærni, nýsköpun, úthýsingu starfa, skapandi markaðssetningu, nándina í fjarlægðinni – og hvað svo? Af hverju fækkaði íbúum London um 10% í fyrra? Eru litlir bæir að endurheimta sinn fyrri sjarma?

Covid hefur sannað að fólk getur sett lífsgæðin í forgang, flutt starfið með sér á sinn draumabúsetustað eða skapað tækifæri hvar sem er á landinu. Íbúum stórborga í Evrópu hefur fækkað undanfarið ár og smærri borgir og bæir hafa endurheimt sinn fyrri sjarma. Ríkidæmi landsbyggðarinnar verður því til



umfjöllunar á ráðstefnunni *Ný heimssýn á nýjum tímum*.

Um ræðir gífurlega mikilvægt byggðamál og tækifæri til að halda landinu í byggð. Til að vel takist til er nauðsynlegt að styrkja samfélög á landsbyggðinni og bjóða upp á öflugra grunnþjónustu fyrir íbúa. Tækifærin á landsbyggðinni eru óteljandi og þurfa störf án stað-

setningar einungis tvennt; nettingu og samgöngur.

Landsbyggðadeildir Félagskvemma í atvinnulífinu FKA tóku höndum saman og verða með innihaldsríka ráðstefnu þar sem fjallað er um ríkidæmi landsbyggðarinnar. Á ráðstefnunni skautum við yfir sviðið og ræðum tækifæri í takt við þessa nýju heimssýn á nýjum tímum.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er kynnt lýsing að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024.

Ráðagerði - Lýsing aðalskipulagsbreytingar

Í gildandi aðalskipulagi er svæðið Ráðagerði L224947 skilgreint sem frístundabyggð F-368. Í tillögu að breytingu er fyrirhugað að heimila svæði til efnistöku, haugsetningar og landmótunar m.a. til framkvæmda innan frístundabyggðarinnar.

Ofangreind skipulagslýsing verður kynnt fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa, Austurvegi 4, Hvolsvelli, mánudaginn 19. apríl 2021 kl. 10:00 - 12:00. Einnig verður tillagan aðgengileg á heimasíðu Rangárþings eystra www.hvolsvollur.is. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við skipulagslýsinguna og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 3. maí 2021.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024.

Rein og Birkilundur - Aðalskipulagsbreyting

Meginmarkmið breytingarinnar er að landnotkun á 3,2 ha svæði, sem eru lóðirnar Rein L164318 og Hlíðarból lóð (Birkilundur) L164126 í Fljótshlíð, verður breytt í íbúðabyggð (ÍB).

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Rein og Birkilundur - Deiliskipulagstillaga

Tillagan tekur til tveggja lóða, Rein L164138 og Hlíðarból lóð (Birkilundur) L164126. Gert verður ráð fyrir íbúðarhúsi, gestahúsi og skemmu/geymsluhúsi á hvorri lóð. Hámarksbyggingarmagn á hvorri lóð er 600 m².

Ofangreinda deiliskipulagstillögu ásamt tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024 er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 14. apríl 2021. Hverjum þeim, sem telur sig eiga hagsmuna að gæta, er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemd til 26. maí 2021. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra,
Guðmundur Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúi



Þjórsárrskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

GRUNNSKÓLAKENNARAR
Í ÞJÓRSÁRSKÓLA

Lausar eru 2,5 stöður kennara í Þjórsárrskóla. Tvær 100% og ein 50%

Umsjónarkennsla á yngra stigi. Kennslugreinar eru stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, ART, heimilisfræði, enska og íþróttir í 1.-7. bekk (ekki sund), útinám, textíl í 1.-7. og íslenska á miðstigi.

Umsóknarfrestur til 22. apríl 2021.

Nánari upplýsingar:

Bolette Höeg Koch skólastjóri sími 895 9660 netfang: bolette@thjorsarskoli.is.

Þjórsárrskóli er grunnskóli fyrir 1.-7. bekk. Nemandur eru tæplega 50. Þeim er kennt í fjórum kennsluhópum. Í Þjórsárrskóla er lögð áhersla á sjálfbærni, nýsköpun, útikennslu og umhverfið. Við leggjum áherslu á að nýta það efni sem við fáum úr Þjórsárdalsskógi og að gefa gömlum hlutum nýtt líf. Yfirmarkmið skólans er að skila landinu til komandi kynslóða í betra ástandi en við tókum við því.

Vefslóð www.thjorsarskoli.is.

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi búa 600 manns. Þéttbýliskjarnar eru við Árnes og á Brautarholti. Í hreppnum eru náttúruperlur á borð við Þjórsárdal. Þjórsárrskóli er í tæplega 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.

Eyri á Eyrarbakka tekið til varðveislu í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands



Í desember 2020 var gengið frá íkaupum ríkissjóðs á Eyri við Eyrargötu 39 A á Eyrarbakka ásamt innbúi öllu til varðveislu í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands vegna menningarsögulegs gildis.

Eyri var byggt árið 1907 af Sigurði Gíslasyni smið á Eyrarbakka sem bjó í húsinu til 1910 en seldi það þá hjónunum Guðfinni Þórarinssyni formanni frá Nýjabæ á Eyrarbakka og Rannveigu Jónsdóttur húsfreyju og verkakonu frá Litlu Háeyri á Eyrarbakka. Guðfinnur fórst með bát sínum Sæfara ÁR 69 ásamt sjö manna áhöfn í innsiglingunni á Eyrarbakka 5. apríl 1927. Rannveig bjó áfram á Eyri til dauðadags 8. september 1965. Börn þeirra, Hanna og Óskar, eignuðust þá húsið og var það síðan notað sem sumarhúsið. Síðar komst húsið í eigu barna Óskars og konu hans Halldóttur Ólafsdóttur; Vilhjalms, Jónínu, Ólafs og Rannveigar. Þau seldu ríkissjóði húsið í desember 2020. Frá því að Rannveig Jónsdóttir féll frá 1965 gættu afkomendur hennar og Guðfinns

þess að viðhalda minningu þeirra með því að halda húsinu vel við og breyta í engu innri gerð þess né húsbúnaði. Húsið er óvenjulega vel varðveitt að innan, í mörgu upprunalegt og í því er upprunalegur húsbúnaður að hluta til. Húsið er í góðu ástandi en árið 2018 var skipt um bárujárn á veggjum, skúrþaki og allir gluggar endursmíðaðir nema í vesturgafli, en sá gluggi er upprunalegur frá 1907.

Eyri á Eyrarbakka er bárujárnsklætt timburhús af alþýðugerð byggt árið 1907 og er aldursfriðað. Húsið er 35 m² að grunnfleti, hæð og ris og inngönguskúr við vesturgafli. Húsið stendur á steinhlöðnum kjallara og brúttóstærðir þess eru 60,7 m² og 163 m³. Á suðurhlíð hússins og austurgafli eru tveir krosspóstagluggar með fjórum rúðum hver, einn á norðurhlíð og annar uppi á vesturstafni. Útidyr eru á norðurgafli skúrs og lítill gluggi á suðurgafli. Þakið er krossreist og á því skorsteinn. Inn af útidyrum er anddyri og úr því gengið í baðherbergi í

suðurhluta inngönguskúrs, niður í kjallara og upp fjögur þrep í eldhúsi. Úr eldhúsi er gengið til stofu við austurgafli hússins og í herbergi við suðurhlíð. Við vesturgafli eldhúss er stigi upp í ris. Herbergi er við vesturgafli og úr því gengið í herbergi við austurgafli.

Varðveislugildi hússins er mikið, það hefur mikið menningarsögulegt og byggingarlistarlegt gildi, upprunalegt gildi þess er óvenju mikið og tæknilegt ástand gott. Húsið er mikilvægur hluti götumyndar Eyrargötu og stendur meðal húsa frá því í byrjun 20. aldar. Það fer ekki á milli mála að Eyri á fullt erindi í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands en ekkert timburhús af alþýðugerð er í húsasafninu.

Auk Eyrar eru á Eyrarbakka fleiri hús í húsasafninu; Húsið frá 1765, sem var heimili verslunarstjóra Eyrarbakka verslunarinnar, og sambyggt því er Assistentahúsið frá 1881, þar sem verslunarþjónar Lefolli-verslunarinnar bjuggu. Á lóðinni eru ennfremur útihús; þurrkhjallur, hesthús og fjós. Þessi hús hafa öll verið í umsjá Bygðasafns Árneseinga frá 1995 og er stefnt að því að Bygðasafnið taki við umsjón með Eyri og hafi það til sýnis fyrir almenning frá og með árinu 2022.

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN



TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR
RAFVIRKJUN • MÚRVERK
MÁLUN • SÓLPALLAR
HELLULAGNIR • VÉLALEIGA

Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

D-H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhhokhald@gmail.com
s. 6933708

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

DAGSKRÁIN

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Jiibbiíi Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

BRACN AF VINÁTTU!
Fæst hjá **BYKO** Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf


Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðaðþjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur

Lúvík Bergmann, Vöðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti


Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is



Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is



Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is